

REGLUR

um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa.

Seðlabanki Íslands setur hér með á grundvelli heimildar í 17. gr. laga nr. 9/1993 um verðbréfavíðskipti, reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða verðbréfa í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðnum.

1. gr.

Útgefandi (skuldari) eða verðbréfafyrirtæki sem annast almennt útboð, skal tilkynna Seðlabankanum, lögfræðideild, með fyrirvara sem sé a.m.k. 4 heilir afgreiðsludagar banka, um upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útboðsins á sérstöku eyðublaði sem liggur frammi í afgreiðslu bankans. Sé almennt útboð selt í fleiri en einum áfanga, skal lýsa áformuðum áföngum og tilkynna síðan um fyrsta söludag í síðari áföngum með sama hætti og tilkynnt var um fyrsta söludag í fyrsta áfanga. Seðlabankanum er heimilt að breyta dagsetningum útgefenda eða verðbréfafyrirtækja með tilliti til aðstæðna á peningamarkaði.

Seðlabankinn tilkynnir útgefanda eða verðbréfafyrirtæki, að höfðu samráði við Verðbréfaþing Íslands, um heimilaðan fyrsta söludag (í hverjum áfanga), með minnst eins dags fyrirvara hafi útboðsgögnin þá verið fullbúin.

2. gr.

Reglur þessar öðlast gildi hinn 1. október 1995. Jafnframt falla úr gildi reglur frá 21. júní 1994 um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa.

Reykjavík, 13. september 1995.

Seðlabanki Íslands.

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

Steingrímur Hermannsson.

12. september 1995

Nr. 500

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 30. ágúst 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar frá 8. desember 1982 með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að landnotkun á lóð við Háholt breytist úr verslunar- og íbúðarsvæði í verslunar- og stofnanasvæði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstofnun, 12. september 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.